

Skólaráðsfundur miðvikudaginn 15. maí 2024 á Teams

Dagskrá:

Endurtekin beiðni til skólaráðs Grunnskóla Reyðarfjarðar vegna umsagnar um breytingar í fræðslumálum Fjarðabyggðar.

Skólaráð telur sig ekki geta orðið við umbeðinni beiðni sveitarfélagsins Fjarðabyggð dagsettri 10.maí 2024 um umsögn þar sem mörgum spurningum er ósvarað frá fundi skólaráðs þann 7. maí sl.

Skólaráð Grunnskóla Reyðarfjarðar áréttar með þessu svari að ekki er búið að svara spurningum sem sendar voru frá skólaráði þann 8. maí sl. Skólaráð ítrekar mikilvægi þess að fá svör við eftirfarandi spurningum svo hægt sé að veita umbeðna umsögn:

1. Skólastjórar starfsstöðva munu ekki hafa kennsluskyldu. Það er engin breyting fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar miðað við núverandi skipulag. 100% stjórnunarstaða óháð stærð skóla lýtur að hafa þau áhrif að álag á skólastjóra Grunnskóla Reyðarfjarðar verði meira en skólastjóra minni skólanna. Hvernig verður brugðist við því?
2. Óskað er eftir gögnum sem voru unnin eða safnað hjá Fjarðabyggð frá þeim sveitarfélögum sem nefnd voru í kynningarefni á heimasíðu Fjarðabyggðar og haft var til hliðsjónar við boðaðar breytingar hjá Fjarðabyggð og með hvaða hætti þeirra reynsla hefur leitt til bættrar þjónustu?
3. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri
Á hvaða rökum er ákveðið að hafa ekki aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í Grunnskóla Reyðarfjarðar?
 - Er það fyrst og fremst sparnaður? Óskað er eftir faglegum rökstuðningi og sundurliðun útreikninga.
 - Hver á að sinna þeim störfum og verkefnum við Grunnskóla Reyðarfjarðar sem aðstoðarskólastjóri og aðrir stjórnendur hafa sinnt?
4. Sérkennari
 - Hvernig er starf sérkennara samkvæmt breytingum í samanburði við starf deildarstjóra sérkennslu samkvæmt núverandi fyrirkomulagi?
 - Hver verður kennsluskylda sérkennarans?
5. Verkefnastjóri
 - Hversu hátt hlutfall starfs verkefnastjóra er áætlað í hlutverk tengiliðar farsældar við Grunnskóla Reyðarfjarðar?
 - Óskað er eftir starfslýsingu verkefnastjóra.

- Á verkefnastjóri að hafa mannaforráð?
- Mun verkefnastjóri hafa einhvers konar stjórnunarhlutverk?
- Þar sem ekki fékkst svar frá Fjarðabyggð varðandi beiðni um útreikning á mismuni launa aðstoðarskólastjóra og verkefnastjóra með tilliti til allra þátta t.d. kennsluskyldu og fastlaunasamnings fylgir hér grófur útreikningur. Þegar laun núverandi aðstoðarskólastjóra eru borin saman við laun verkefnastjóra án þess að taka tillit til kennsluskyldu er launamunurinn 50,000 krónur á mánuði þar sem verkefnastjórinn raðast lægra. Þegar tekið er tillit til kennslu aðstoðarskólastjóra í dag, 19,2% starf kennara sem er ekki inni í starfi verkefnastjóra breytist jafnan. Hægt er að áætla að kennsla aðstoðarskólastjóra m.v. kennara með svipaða kennslureynslu myndi kosta 150,000 krónur á mánuði án launatengdra gjalda. Með launatengdum gjöldum er hægt að áætla aukningu upp á 210,000 krónur á mánuði. Á þessu má sjá að það er engan veginn hagkvæmara fjárhagslega að ráða verkefnastjóra í stað aðstoðarskólastjóra eins og fyrirkomulagið er í Grunnskóla Reyðarfjarðar í dag.
- Eins er mikilvægt að huga að því að vinnutími verkefnastjóra fer eftir kjarasamningi Félags grunnskólakennara og eiga verkefnastjórar því ekki samskonar vinnuskyldu á ársgrunni og aðstoðarskólastjóri, sbr. kafla 2 í kjarasamningi FG, https://www.ki.is/media/v12m15ug/fg_heildarkjarasamningur-2023_2024_lok.pdf
- Öll þau störf sem verkefnastjóri tekur að sér og ekki eru skilgreind í vinnuskýrslu þarf að greiða fyrir líkt og öðrum aðilum að kjarasamningi FG.

6. Fagstjóri

- Óskað er eftir nákvæmri starfslýsing fagstjóra og hvaða menntunarkröfur eru gerðar?
- Hversu stór hluti starfs fagstjóra muni fara fram á skrifstofu annars vegar og úti í skólunum hins vegar og þá hversu mikið í hverjum skóla fyrir sig?
- Hver er munurinn á starfi fagstjóra og starfi skólastjóra/aðstoðarskólastjóra í dag?

7. Skólaþjónusta

- Hvert er hlutverk skólafulltrúa? Á skipuriti er starfsins getið, hvert er hlutverk þess?
- Hvert er starfssvið sérfræðinganna á skrifstofu skólaþjónustu, þroskaþjálfara, kennsluráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa? Óskað er eftir þeirra starfslýsingum?
- Hvert verður skipulag viðveru þeirra í Grunnskóla Reyðarfjarðar?

- Hvað er gert ráð fyrir að mikill tími fari í akstur fagstjóra og annarra sérfræðinga á vikulegum grunni og þeim kostnaði sem af því hlýst? Óskað er eftir þeim útreikningum og vinsamlegast sundurliðið eftir starfsheitum.

Gangi núverandi breytingar eftir er það skoðun skólaráðs að skólastjóri muni einangrast meira í starfi frá því sem nú er. Við núverandi fyrirkomulag koma þrír aðilar að stjórnun skólans og bera sameiginlega ábyrgð á þeim mörgu og fjölbreyttu verkefnum sem daglegt starf skólans krefst að unnin séu. Um mörg þessara verkefna eru teknar sameiginlegar ákvarðanir og ábyrgð þannig deilt á fleiri hendur. Verði reyndin sú að skólastjóri standi einn eftir sem eini stjórnandi skólans situr hann eftir með öll þau verkefni sem hann hefur hingað til getað átt nauðsynlegt samráð og samtal um við aðra stjórnendur skólans. Er það mat skólaráðs að staðgengill skólastjóra úr hópi kennara getur aldrei komið í stað stjórnanda. Þess eru dæmi að þar sem því fyrirkomulagi hefur verið komið á, hefur verið horfið frá því og ráðinn inn annar stjórnandi þar sem ekki er hægt að veita jafngóða þjónustu og fyrir var. Því telur skólaráð að hér sé um mikla afturför að ræða með þessum fyrirhuguðu breytingum.

Gangi þessar breytingar eftir er fyrirséð að erfitt verður að hefja skólastarf í Grunnskóla Reyðarfjarðar næsta haust þar sem fjöldi starfsfólks hefur nú þegar sagt upp störfum og fleiri eru að íhuga að gera slíkt hið sama verði af þessum fyrirhuguðum breytingum. Þar er verið að tala um fagmenntaðaeinstaklinga með mikla reynslu, m.a. tíu umsjónarkennara af tólf sem hér starfa.

Teljum við að eina leiðin sé að draga þessa tillögu til baka, nota skólaárið 2024-2025 til þarfagreiningar og áætlanagerðar með samvinnu og í sátt við alla aðila skólasamfélagsins. Breytingar verði síðan áætlaðar og unnar á árunum 2025-2027.

Við getum hvorki samþykkt tillögu vegna fyrirhugaðra breytinga á skólastarfi sem sveitarfélagið Fjarðabyggð hefur kynnt, né veitt umbeðna umsögn enda skortir enn á þær upplýsingar sem beðið var um líkt og fram kemur í svörum skólaráðs.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt af öllum aðilum skólaráðs:

Anna Sigrún Ben Jóhannudóttir, Emilía Ólöf Aronsdóttir, Pálína Hrönn Garðarsdóttir, Sigríður Harpa Gunnarsdóttir, Valgeir Ægir Ingólfsson, Steinunn Guðnadóttir, Guðlaug Björgvinsdóttir, Anna Steinunn Árnadóttir, Þuríður Sigurjónsdóttir, Þuríður Haraldsdóttir, Thelma Rún Magnúsdóttir, Guðlaug Árnadóttir og Ásta Ásgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.